

# SKATTUR Á MENN

## Einstaklingsskattaréttur

Fjölskylduskattlagning

Ásmundur G. Vilhjálmsson


Glærupakki 8

Vægi 8 til 9

# Tekjuskattsstofn manna

- Tekjuskattsstofn heitir sú fjárhæð sem tekjuskattur er reiknaður af
- Er hann fundinn með því að leggja saman heildartekjur og draga síðan frá þeim þau heildargjöld sem frádráttur er sérstaklega leyfður á
  - Sjá annars vegar 7. gr. og hins vegar 30. gr. og 31. gr. TSL
- Nánari ákvæði um tekjuskattsstofn manna og lögaðila er að finna í 61. gr. TSL

# Tekjuskattsstofn manna

- 
1. Tekjuskattsstofn manna, **sem ekki** hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, **telst tekjur skv. II. kafla**, eftir því sem við á, **að teknu tilliti til þess frádráttar sem slíkum aðilum er heimilaður skv. 30. gr.**
  3. Tekjuskattsstofn manna, **sem** hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, er samtala þessa:
    - a) **Tekjur skv. II. kafla**, sem **ekki** eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, **að teknu tilliti til þess frádráttar sem heimilaður er frá þeim tekjum, sbr. 30. gr.**
    - +
      - b) **Tekjur skv. II. kafla**, sem tengdar eru atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, **að teknu tilliti til þess frádráttar sem heimilaður er frá þeim tekjum, sbr. 31. gr.**

# Fjármagnstekjuskattur

- Athugið sérstaklega að fjármagnstekjur eru inni í hinum almenna tekjuskattsstofni manna
- Í raun er því ekki unnt að tala um sérstakan fjármagns tekjuskattsstofn
- Við álagningu eru tekjurnar hins vegar teknar út úr tekjuskattsstofninum og sérstakur 22% skattur reiknaður af þeim, sbr. 3. mgr. 66. gr. TSL er hljóðar SVO
  - Tekjuskattur af fjármagnstekjum einstaklinga utan rekstrar skal vera 22% af þeim tekjum
  - Til fjármagnstekna í þessu sambandi skulu teljast tekjur skv. 1.–8. tölul. C-liðar 7. gr., þ.e. vextir, arður, leigutekjur, söluhagnaður og aðrar eignatekjur

# 22% skattur er fullnaðarskattur af fjármagnstekjum

- Sú fjárhæð, sem reiknast skv. 3. mgr. 66. gr. TSL, (og í daglegu máli er kölluð fjármagnstekjuskattur) skal vera endanleg álagning á fjármagnstekjur. Engin önnur opinber gjöld, sem reiknuð eru á tekjuskattsstofn - eins og segir í ákvæðinu,- skulu semsé leggjast á þessar tekjur
- Sömuleiðis skulu tekjurnar ekki taldar til tekjuskattsstofns til viðmiðunar við útreikning bóta eða annarra greiðslna samkvæmt lögum um almannatryggingar, lögum um húsnæðisbætur eða öðrum lögum nema sérstaklega sé kveðið á um það í þeim lögum – ATH. BARNABÆTUR
- Um afdrátt skatts af vaxtatekjum og arði samkvæmt þessari málsgrein skulu á tekjuárinu gilda lög um staðgreiðslu skatts af slíkum tekjum samkvæmt því sem nánar er kveðið á um í lögum nr. 94/1996

# Nýting taps

Tekjukelduskattur – gagnstætt Almennum tekjuskatti

- Mönnum er óheimilt að jafna tapi af einni tekjulind á móti hagnaði af annarri nema það sérstaklega leyft í lögum. Tap af atvinnurekstri má því ekki draga frá hagnaði af launum og skyldum tekjum
- Þetta er **ENDURTEKIÐ** tvisvar sinnum í 61. gr. TSL. Í fyrsta lagi í 2. mgr. 3. tölul. ákvæðisins, sbr. **2. mgr.** 3. tölul. 1. mgr. 61. gr. TSL
  - Samanlagðar tekjur ákveðnar eftir a- og b-liðum mynda tekjuskattsstofn aðila samkvæmt þessum tölulið. Sé tap á atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, þannig að b-liður þessa töluliðar verði neikvæður, telst tekjuskattsstofn **EINUNGIS** tekjur skv. a-lið
- Og svo í 3. mgr. 3. tölul. ákvæðisins, sbr. **3. mgr.** 3. tölul. 1. mgr. 61. gr. TSL er hljóðar svo:
  - Tap af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi er aldrei heimilt að draga frá tekjum sem ekki eru tengdar slíkri starfsemi, en heimilt er að yfirfæra það skv. 8. tölul. 31. gr. og draga það frá hagnaði sem síðar kann að myndast í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi aðila

# Tekjuskattsstofn lögaðila

## Skoðið 2. tölul. 61. gr. TSL

- Tekjuskattsstofn lögaðila, sbr. 2. gr., telst tekjur skv. II. kafla að teknu tilliti til þess frádráttar sem þessum aðilum er heimilaður skv. 31. gr.
- Um uppgjör á tekjuskattsstofni lögaðila gilda því í grundvallaratriðum sömu reglur og um uppgjör á tekjuskattstofni manna er stunda atvinnurekstur
- Skatthlutföll

# Tekjuskattshlutföll

| Hagnaður | Tekjubil                        | Kt.   | Hf | Sf/sfl |
|----------|---------------------------------|-------|----|--------|
| 1. Þrep  | Frá 0 til 4.188.211             | 31,45 | 20 | 37,6   |
| 2. Þrep  | Frá 4.188.996 og til 11.758.159 | 37,95 | 20 | 37,6   |
| 3. Þrep  | Frá 11.758.160 -                | 46,25 | 20 | 37,6   |
|          |                                 |       |    |        |



# Fjölskylduskattlagning



- Með fjöldskylduskattlagningu er átt við skattlagningu hjóna og sambúðarfólks svo og barna (einstaklinga undir 16 ára aldri á tekjuárinu) á framfæri þeirra
- Skattlagningin tekur semsé til uppgjörs tekjuskattstofns þessara aðila og ákvörðunar persónuafsláttar annars vegar og bóta hins vegar

# Skattlagning hjóna

- Karl og kona í HJÓNABANDI eru sjálfstæðir skattaðilar, sbr. 5. gr. TSL er hljóðar svo:
  - Hjón eru sjálfstæðir skattaðilar hvort um sig og skal þeim ákveðinn tekjuskattur hvoru í sínu lagi
- Þetta sjálfstæði er þó umfram allt í orði. Þannig eru aðeins laun og skyldar tekjur (Tekjur skv. A-lið 7. gr. TSL) skattlagðar sér
- Samanlagðar Fjármagnstekjur hjónanna eru þannig skattlagðar hjá þeim maka sem hærri hefur A-tekjur, sbr. 7. gr. TSL. Um heimild til þessa nánar, sjá 62. gr. TSL
- Þýðingarmest er þó að ábyrgð á vangreiðslu skatta hvílir á hjónum sameiginlega, sbr. 116. gr.

# Atvinnurekstrartekjur

- Hverning skattleggjast þær ...

# Ábyrgð á skattgreiðslum

## 116 .gr. TSL

- Hjón, (sem samvistum eru) sbr. 62. gr., **bera óskipta ábyrgð** á greiðslum skatta, sem á þau eru lagðir, og getur innheimtumaður ríkissjóðs gengið að **hvoru hjóna** um sig til greiðslu á sköttum þeirra beggja
- Rétt er því hjóna, er skattgreiðslur annast, að krefjast endurgreiðslu af hinu hjóna, á þeim hluta skatts, er það hefur greitt, umfram það, sem að réttum hlutföllum kemur í þess hlut miðað við tekjur (og eign) hvors hjóna
  - **Gagnlaust ákvæði**
- Reglur þessarar málsgreinar um ábyrgð hjóna skulu gilda með sama hætti **um samskattað sambúðarfólk, sbr. 3. mgr. 62. gr. TSL**

# Stöldrum við

Launagreiðandi heldur eftir 75%  
af launum konunnar til greiðslu á skattskuldum mannsins

- **Er sanngjart og eðlilegt að gera maka ábyrga gagnvart sköttum hvors annars. Hvað finnst þér?**
  - **Ræðum meðrök.** Báðir aðilarnir neyta teknanna jafnt. Aðskilnaður ábyrgðarinnar getur valdið erfiðleikum í framkvæmd
  - **en hvað um mótrökin.** Sjónarmiðið um neyslu teknanna á fyrst og fremst við um laun. Fjármagnstekjur og atvinnurekstrartekjur tilheyra umfram allt þeim sem aflar þeirra. Óskipt ábyrgð á skattskuldum bitnar aðallega á konum og kemur í veg fyrir að eiginkonur skattadela geti farið út á vinnumarkaðinn

# SPØR

Tommy V. Christiansen, advokat (H), cand. merc.

- Spørgsmål, der udvælges til besvarelse, kan bringes under mærke, men redaktionen skal kende spørgers identitet og adresse.
- Redaktionen forbeholder sig ret til at redigere og forkorte spørgsmål.
- Svarene i brevkassen er ikke individuel rådgivning, men generel orientering, der bringes uden ansvar for Jyllands-Posten.
- Spørgsmål besvares ikke privat.
- Læs mere på [www.epn.dk/privatokonom/brevkasse/](http://www.epn.dk/privatokonom/brevkasse/)
- Skriv til: Morgenavisen Jyllands-Posten, Grøndalsvej 3, 8260 Viby J E-mail: [tommy@vdk](mailto:tommy@vdk)

## SKAT

# Bruden nøbende om at se sine skattevitteringer

■ Hvis man ikke kan betale sin skattegæld, kan skattevesenet indkræve pengene hos ægtefællen for det indkomstår, hvor ægtefællerne blev gift, og efterfølgende indkomståret.

■ Den forsigtige brud i se bør altså bede om at se en kopi af årets kvitteringer for indbetalte personskatter før vielsen.

Kan en ægtefælle ikke betale sin skattegæld, kan Skat holde sig til den anden ægtefælle. Skat kan nemlig efter skattelovene inddrive beløbet ved at foretage udlæg i den anden ægtefælles formueaktiver. På den ene side går reglen på tværs af almindelige regler for ægtefælles gældsforhold. På den anden side er der en vis sammenhæng mellem denne regel og de særlige skattereliggende regler for ægtefæller, dvs. de såkaldte "sambeskatnings-effekter".

**Ægtefælles hæftelse**  
Grundreglen for ægtefæller er, at indgåelse af ægteskab ikke i sig selv ændrer på ægtefælles hæftelsesforhold. Med visse enkelte undtagelser hæfter hver ægtefælle kun for egen gæld. At to personer efter sig, betyder altså ikke, at parterne nu pludselig hæfter for hinandens gæld.

Reglen om, at hver ægtefælle kun hæfter for egen gæld, gælder, hvad enten ægtefællerne har særreje eller fællesreje, og uanset om gælden er stiftet i forbindelse med f.eks. købsforretning, brugsgoder til den fælles husholdning, køber manden et fjerntsyn på kredit i anledning af verdensmesterskabet i fodbold, er det kun manden, der hæfter for gælden – også selv om hustruen kigger med hjemme i stuen.

Noget andet er, at der ikke er noget til hinder for, at

ægtefæller optager et lån sammen, som de begge hæfter fuldt ud for.

Også på anden måde kan ægtefæller stifte gæld, som de begge hæfter for. Eksempelvis kan nævnes den situation, hvor ægtefællerne rekvirerer håndværkere til at foretage en ombygning af ægtefælles fælles bolig.

Vælger en ægtefælle at kautionere for den anden ægtefælles gæld, er kautionisten naturligvis også bundet af kautionserklæringen.

Her gælder altså samme regel, som hvis to ugifte samlevende eller to venner optager et lån sammen eller kautionerer for hinanden.

En ægtefælle hæfter med hele sin formue for den gæld, som ægtefællen har påtaget sig eller pådraget sig. Dette gælder i sagens natur, uanset om ægtefælles formue er fællesreje eller særreje. For ægtefælles kreditorer er det jo i sagens natur uden betydning, om en bil tilhører skildneren som dennes fællesreje eller særreje.

**Skattemæssige forhold**  
Efter skattelovene er det tilgældenes udgangspunkt, at ægtefæller under ægteskabet betragtes som to uafhængige parter – og altså dermed hver for sig. Hver ægtefælle indgiver egen selvangivelse og modtager hver en årsopgørelse. Overskydende skatter udbetales særskilt til hver ægtefælle, ligesom restskatter opkræves hos vedkommende ægtefælle. Dette princip betegnes "særbeskatning".

Udgangspunktet er altså, at ægtefæller beskattes på samme måde som samlevende, der ikke er gift. Der skattemæssige regler følger altså som hovedregel de familieretlige regler om ægtefælles ansvar for egne forhold og hæftelse for egen gæld.

**Sambeskatning**  
For at tilbage var det skatteretlige udgangspunkt imidlertid et helt andet: Førhen

blev manden beskattet, ikke kun af egne indtægter, men også af hustruens indtægter. Denne sambeskatning af ægtefæller blev først ophævet definitivt i 1982.

Der findes imidlertid fortsat flere reminiscenser af den tidligere sambeskatning af ægtefæller. Der er altså tale om gældende regler, hvor den ene ægtefælles indkomst- og skatteforhold tillægges betydning for den anden ægtefælles indkomst- og skatteforhold.

Disse regler, der i fagsproget betegnes "sambeskatnings-effekter", kan være til både gavn og ulempe for ægtefællerne.

Jeg har omtalt nogle af disse sambeskatnings-effekter i Spørg om Penges den 1. juli 2009. Som her omtalt er en af de væsentlige regler i denne sammenhæng reglerne om ægtefælles hæftelse for hinandens skattegæld.

**Hæftelse for skattegæld**  
Efter skattelovene er det således, at hvis den ene ægtefælle ikke er i stand til at betale sin skattegæld, kan Skat i stedet inddrive beløbet ved at foretage udlæg i den anden ægtefælles formueaktiver, hvis ægtefællerne er samlevende.

Denne regel har stor betydning i de mange sager, hvor skattevesenet fremsætter betydelige skattekrav over for den ene ægtefælle, typisk manden. Her kan mandens skattegæld altså opkræves hos hustruen.

Visse forudsætninger skal dog være opfyldt, før skattevesenet kan inddrive en gæld hos skildnerens ægtefælle.

**Hæftelse for personskat**  
For det første kræver skattevesenets mulighed for at inddrive gæld hos den anden ægtefælle kun restancer vedrørende personskat.

Der kan derimod bl.a. ikke ske inddrivelse hos skildnerens ægtefælle vedrørende indholdsskat, A-skat, arvskat, moms og punktavgifter.

Inddrivelse hos den anden ægtefælle kan endvidere kun komme på tale for skatterestancer vedrørende det indkomstår, hvor ægtefællerne blev gift, og efterfølgende indkomstår.

Den forsigtige brud i se bør altså bede om at se en kopi af årets kvitteringer for indbetalte personskatter før vielsen.

**Forgæves inddrivelse**  
Dernæst er det en betingelse, at skattevesenet har forsøgt at inddrive gælden hos den ægtefælle, der har pådraget sig skattegælden, og at dette forsøg på inddrivelse var forgæves. Har skildneren afgivet en insolvenserklæring, antages det ligeledes, at en inddrivelse er forgæves.

Er skildnerens bo taget under konkursbehandling, sidestilles dette med et forgæves udlæg. Er skildnerens bo taget under konkursbehandling, sidestilles dette med et forgæves udlæg.

Tvangsakkoord hos den skattepligtige selv sidestilles ligeledes med et forgæves udlæg, idet der herved er konstateret, at der ikke kan opnås dekning af den skattepligtige selv.

For frivillige afdragsordninger har Skat indtaget det synspunkt, at hvis skildneren har indgået en afdragsordning, der overholder, bør der ikke foretages udlæg hos ægtefællen. Men skulle ægtefællen komme til aktivt i et omfang, der markant forbedrer skildnerægtefælles betalingssevne, forbeholder Skat sig samtidig at opsig afdragsordningen med henblik på en genforhandling.

Ejede skildner-ægtefællen ikke tilstrækkelige aktiver til dekning af hele restancen, og er en udlægsforretning nødvendig, kan der foretages udlæg hos ægtefællen for restbeløbet.

**Samlevende ægtefæller**  
Skattevesenet kan kun foretage inddrivelse for en ægtefælles gæld hos den anden ægtefælle, hvis ægtefællerne var samlevende på udlægstidspunktet.

Man kan dog undgå denne hæftelse ved at opbevare samlivet, hvilket ofte ses i praksis. Det er altså ikke nødvendigt med en skilsmisse. Men samlivsophævelsen skal være reel. Genoptager parterne senere samlivet, må de være forberedt på, at hæftelsen genopstår, også for skattegæld vedrørende de forudgående indkomstår.

Er udlægget foretaget hos ægtefællen, medens ægtefællerne var samlevende, bortfalder udlægget ikke ved en senere samlivsophævelse. Heller ikke separation, skilsmisse eller skildnerens dødsfald vil medføre, at udlægget bortfalder.

**Særreje og fællesreje**  
Det er uden betydning for ægtefælles hæftelse, om der er særreje eller fællesreje i ægteskabet. En ægtefælle kan altså ikke gardere sig mod hæftelse for ægtefælles skattegæld ved at etablere en ægteskab om særreje. Gaver eller arv, som ægtefællen har modtaget som særreje, f.eks. fra forældre, er heller ikke fredet.

**Modregning**  
Skattevesenets adgang til at foretage udlæg vedrørende en persons skattegæld i ægtefælles formueaktiver blev i 2007 suppleret med en adgang for Skat til at modregne den ene ægtefælles personskatterestancer i den anden ægtefælles overskydende skat.

En sådan modregning kan foretages i samme omfang og på samme betingelser, som Skat kan foretage udlæg i ægtefælles aktiver.

Skat opbyr, at Skat i vidt omfang vil foretrække at gøre brug af denne modregningsadgang frem for at foretage et udlæg hos ægtefællen. Adgangen til modregning er altså en retsforretning for inddrivelse af skatterestancer end at foretage udlæg vedrørende restancerne. ■





# Ábyrgð á skattgreiðslum þrátt fyrir skilnað

HÆSTIRÉTTUR hefur staðfest úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur um að kona beri sjálfskuldarábyrgð á greiðslu opinberra gjalda af tekjum eiginmanns síns sem hann hafði aflað eftir að opinber skipti til fjárlita milli þeirra fóru fram á árinu 1993 en áður en þau skildu að borði og sæng á árinu 2000. Var staðfest fjárnám í íbúð sem konan keypti eftir að hún skildi við manninn.

Konan og karlmaðurinn giftust 1971 en maðurinn varð gjaldþrota 1989. Í tengslum við gjaldþrotaskipti

á búi mannsins var bú þeirra hjóna tekið til opinberra skipta til slita á fjárfélagi þeirra árið 1993 og lauk þeim skiptum með samningi hjónanna um slit á fjárfélagi. Þau slitu samvistir árið 2000 og keypti konan íbúð í febrúar á síðasta ári.

Tollstjórinn í Reykjavík sendi konunni í febrúar greiðsluáskorun þar sem henni var gerð grein fyrir því að hjón bæru samábyrgð hvort á annars sköttum og var skorað á hana að greiða skattskuld fyrirverandi maka síns, þá að fjárhæð 1.663.200 krónur,

ella yrði krafist aðfarar hjá henni til lúkningar skuldinni. Fjárnám var síðan gert hjá konunni að henni fjarstaddri í íbúð hennar. Konan höfðaði í kjölfarið mál þar sem hún krafðist þess að fjárnámið yrði ógilt.

## Skiluðu sameiginlegu framtali


Hjónin skiluðu sameiginlegu skattframtali, þar til þau slitu samvistir á síðastliðnu ári. Þar kemur fram að konan hefur sem launþegi staðið skil á staðgreiðslu opinberra gjalda. Vangreidd gjöld fyrirverandi eiginmanns hennar, sem tollstjóri gerði kröfu til úr hennar hendi, voru öll tilkomin meðan þau voru í hjúskap.

Í úrskurði héraðsdóms, sem Hæstiréttur staðfesti, segir að ákvæði 1. mgr. 114. gr. skattalaga sé skýrt og afdráttarlaust um sameiginlega skattaábyrgð hjóna. Þar sé enga undantekningu að finna. Af þessu leiði, að séu hjón skattlögð sameiginlega beri þau óskipta ábyrgð á sköttum hvort annars. Einu gildi í þessu sambandi, þótt konan hafi eignast hina fjárnumdu íbúð eftir skilnað hennar að borði og sæng við fyrirverandi eiginmann sinn.

Málið dæmdu hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Árni Kolbeinsson og Ingibjörg Benediktisdóttir. Lögmaður sóknaraðila, konunnar, var Helgi Birgisson hrl. og lögmaður tollstjórans í Reykjavík, varnaraðila, Gunnar Arnason hrl.

# Verkfæra

## dagar



**HITACHI**  
POWER TOOLS

# Upphaf og lok ábyrgðar

- Ábyrgðin grundvallast á samsköttuninni. Skv. því stofnast hún við hjónaband, upphaf sambúðar o. fl. og lýkur við skilnað, sambúðarslit o. fl.
- Maki ber semsé **ekki** ábyrgð á skattskuldum eiginmanns síns/eiginkonu sinnar sem urðu til áður en til hjónbands, sambúðar o. fl. var stofnað eða eftir að því lauk



# Skattlagning hjóna

- Grundvallarbreyting varð á skattlagningu hjóna 1978. Fyrir þann tíma var skatturinn lagður á manninn. Nánar tiltekið:
  - Svaraði hann skatti af heildartekjum sínum og helmningnum af tekjum eiginkonu sinnar, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 68/1971 er hljóðaði svo:
    - „Nú vinnur gift kona, sem er samvistum við mann sinn, fyrir skattskyldum tekjum, og eiga þá hjónin rétt á að dregin séu 50% frá þeim tekjum hennar, áður en skattgjald er lagt á tekjur hjónanna ...“
  - Í dag höfum við persónuafslátt og er hann ...

# Hjónaskattlagning, sbr. 62. gr. TSL

## EINSTAKLINGARNIR

- Samsköttun hjóna grundvallast á því að þau (karlinn og konan) séu **samvistum**. Með samvistum er átt við að sambúð tveggja aðila á lagalegum, félagslegum, líkamlegum ... grundvelli. Venjulega þýðir þetta að þau eigi sama lögheimili **en það er ekki fortakslaus krafa**

### A. FULLNÆGI HJÓNIN ÞESSU SKILYRÐI BER ÞEIM

- að telja fram tekjur sínar **skv. A-lið 7. gr. sitt í hvoru lagi**. Frá þessum tekjum skal síðan draga frádrátt skv. **A-lið 1. mgr. 30. gr.**, sbr. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 62. gr. TSL

- B. Tekjur hjóna **skv. C-lið 7. gr. skal hins vegar leggja saman og telja til tekna hjá því hjóna sem hærri hefur hreinar tekjur skv. A-lið 7. gr.** Ekki skiptir máli hvort tekjurnar eru af séreign samkvæmt kaupmála eða hjúskapareign. Frá tekjum þess hjóna skal síðan draga frádrátt skv. **B-lið 1. mgr. 30. gr.**, sbr. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 62. gr. TSL

- Almennt þurfa hjón ekki að hafa áhyggjur af þessu við framtal til skatts. Þetta er nefnilega eitthvað sem gerist sjálfkrafa við álagninguna

# Vandamál geta þó komið upp við endurákvörðun á skatti

## Dæmi

- Kona selur eign með hagnaði. Þar sem maðurinn hefur hærri A-tekjur en hún verður hann að greiða skatt af hagnaðinum
- Við endurákvörðun á sköttum hjónanna kemur í ljós að skattstofninn var of hár eða of lágur. Hann er því endurákvarður
- Þar sem hjónin eru nú skilin vaknar spurning hjá hverjum beri að endurákvarða
  - er það hjá mannum sem greiddi skattinn upphaflega eða konunni sem átti eignina

# YSÚ 95/2011

- Kærandi mótmælti því að á sig væri lagður fjármagnstekjuskattur gjaldárið 2006 vegna vantalsins söluhagnaðar hlutabréfa sem komið hefði til vegna viðskipta eiginmanns kæranda með hlutabréf á árinu 2005
- Í úrskurði yfirskattanefndar var rakið að við frumálagningu opinberra gjalda kæranda og eiginmanns hennar gjaldárið 2006 hefði fjármagnstekjuskattur vegna fjármagnstekna beggja hjóna verið lagður á kæranda í samræmi við ákvæði 2. tölul. 1. mgr. 62. gr. laga nr. 90/2003, enda hefði hún verið með hærri skattskyldar tekjur samkvæmt A-lið 7. gr. sömu laga
- Samhliða hinni umdeildu hækkun fjármagnstekna hefði skattstjóri hækkað launatekjur eiginmanns kæranda í skattframtali hans árið 2006. Þrátt fyrir lækkun samkvæmt úrskurði yfirskattanefndar á þeirri fjárhæð stæði eftir að gjaldárið 2006 hefði eiginmaður kæranda hærri hreinar tekjur samkvæmt A-lið 7. gr. laga nr. 90/2003 en kærandi. **Bæri því að telja fjármagnstekjur hjónanna samkvæmt C-lið 7. gr. laganna til tekna hjá eiginmanni kæranda**
- Vegna sjónarmiða í kröfugerð ríkisskattstjóra tók yfirskattanefnd fram að í ákvæði 2. tölul. 1. mgr. 62. gr. laga nr. 90/2003 kæmi hvergi fram að miða bæri við framtaldar tekjur hjóna einvörðungu. Var því fallist á kröfu kæranda

# YSÚ 550/2012

- Hjónin A og B skildu á árinu 2009. Ríkisskattstjóri endurákvarðaði í mars 2011 opinber gjöld A tekjuárin 2006 og 2007 vegna vanframtalins söluhagnaðar hlutabréfa. A **krafðist þess að helmingur söluhagnaðarins yrði skattlagður hjá B.** Í úrskurði yfirskattanefndar kom fram að A og B hefðu verið í hjúskap á þeim árum sem úrskurður ríkisskattstjóra tók til og sætt skattlagningu eftir þeim reglum sem um hjón giltu, þar á meðal fortakslausum reglum um skattlagningu eignatekna sem leiddu til þess að slíkar tekjur bæri að telja A til tekna. Var kröfum kæranda hafnað, þar á meðal kröfu hans um niðurfellingu 25% álags

# YSÚ 367/2013

Ríkisskattstjóri hækkaði fjármagnstekjuskattsstofn kæranda vegna vanframtalinna tekna **fyrirum eiginmanns kæranda** af viðskiptum með afleiðusamninga á árinu 2006, en vegna samsköttunarreglu 2. tölul. 1. mgr. 62. gr. laga nr. 90/2003 voru tekjurnar skattlagðar hjá kæranda

Þar sem óumdeilt var að viðskiptin voru ekki á könnu kæranda var ekki fundið að því að ríkisskattstjóri hefði í upphafi eingöngu beint málinu að fyrrverandi eiginmanni hennar og boðað kæranda tekjufærslu vaxtatekna af viðskiptunum án þess að hafa áður aflað sérstakra upplýsinga eða skýringa frá kæranda varðandi viðskiptin

**Einnig var talið að lögboðins upplýsinga- og andmælaréttar kæranda hefði verið gætt við meðferð málsins.** Tekið var tillit til athugasemda kæranda varðandi tap af tilgreindum afleiðusamningi auk þess sem miðað var við fjárhæð vaxta að **fráðreginni þóknun** sem banki hélt eftir við uppgjör afleiðusamninga, enda varð ekki annað séð en að sú niðurstaða væri í samræmi við skattframkvæmd. Kröfu kæranda um niðurfellingu 25% álags var hafnað

# YSÚ 112/2014

- Ríkisskattstjóri hækkaði fjármagnstekjuskattsstofn kæranda vegna vanframtalinna tekna fyrrum sambýlismanns kæranda af viðskiptum með afleiðusamninga á árunum 2007 og 2008, en vegna samsköttunarreglu 2. tölul. 1. mgr. 62. gr. laga nr. 90/2003, sbr. 3. mgr. sömu lagagreinar, voru tekjurnar skattlagðar hjá kæranda
- Yfirséttanefnd taldi engu máli skipta um tekjufærslur ríkisskattstjóra að um var að ræða vanframtalda tekjur fyrrum sambýlismanns kæranda vegna viðskipta hans, sem kæranda var ekki kunnugt um, enda hefði kærandi gengist undir hina **hlutrænu skattlagningarreglu** með því að óska eftir samsköttun með sambýlismanni sínum umrædd gjaldár
- Þá var ekki talið að fyrrgreind aðstaða gæti skipt máli varðandi beitingu 25% álags og var kröfu um niðurfellingu álags hafnað

# Úrskurður nr. 219/2016

## Ekki gleyma andmælaréttinum

- Ríkisskattstjóri endurákværðaði opinber gjöld M til hækkunar og leiddi sú ákvörðun **til niðurfellingar vaxtabóta og millifærðs skattafsláttar A**, fyrrverandi sambýliskonu M
- Fram kom í úrskurði yfirskattanefndar að við aðstæður sem þessar og þegar breyting yrði á áður álögðum gjöldum manns vegna hækkunar á tekjuskattsstofni fyrrverandi maka hans eða öðrum breytingum á skattskilum síðarnefnds **skattaðila bæri að gefa hinum fyrrnefnda aðila kost á að tjá sig um fyrirhugaðar breytingar, sbr. 4. mgr. 96. gr. laga nr. 90/2003**
- **Var talið að slíkur misbrestur** hefði verið á leiðbeiningum ríkisskattstjóra um heimild A til að tjá sig um fyrirhugaðar breytingar að lögmæltur andmælaréttur A hefði verið fyrir borð borinn. Var endurákvörðun ríkisskattstjóra á opinberum gjöldum A því felld úr gildi



# Sambúðarskattlagning

- **EINSTAKLINGAR** í **óvígðri sambúð** eiga rétt á að telja fram og vera skattlagðir eins og hjón, sem samvistum eru, enda óski þeir þess báðir **skriflega** við skattyfirvöld
- Með óvígðri sambúð er átt við sambúð tveggja einstaklinga af gagnstæðu/sama kyni sem búa saman **SEM HJÓN**
- Við skattlagningu er því enginn munur gerður á fólki eftir því hvort í hlut á karl og kona, tvær konur eða tveir menn. Allir njóta sama réttar

# Skilyrði sambúðarskattlagningar

- Til að eiga rétt á sambúðarskattlagningu verða hlutaðeigendur að vera skráðir eða **skráanlegir** í þjóðskrá skv. 3. mgr. 5. gr. laga um lögheimili
- Svo er jafnan ef aðilarnir **1)** eiga barn saman eða **2)** vænta barns saman **eða hafa verið samvist um í samfelld 3) EITT ÁR** hið skemmsta
- Ríkisskattstjóra er heimilt að leita umsagnar Þjóðskrár Íslands þygi leika vafi á um að þessum skilyrðum sé fullnægt

# Sjá 5. gr. laga nr. 80/2018 um lögheimli og aðsetur

- Tveir einstaklingar sem eru **samvistum** og uppfylla, eftir því sem við á, skilyrði II. kafla hjúskaparlaga, nr. 31/1993, geta fengið sambúð sína skráða í þjóðskrá
  - það er geta gengið í hjúskap
- Fólk í skráðri sambúð á sama lögheimili og skal upphaf hennar miðað við þann dag er beiðni er lögð fram

# Lögheimilisskilyrðið

- Lögheimilisskilyrðið er túlkað frjáslega í framkvæmd
- Þannig er nóg að aðilarnir geti sýnt fram á svo hafið sé yfir allan vafa að þeir hafi raunverlega búið saman í eitt ár
  - Þetta má t.d. gera með framlagningu vottorða
- Ekki er því skilyrði að aðilarnir hafi verið skráðir með heimili á sama stað

# Úrskurður nr. 387/2003

## Gjaldár 2002

### Muna eitt ár hið skemmsta

- Skattstjóri taldi að kærendur hefðu ekki uppfyllt skilyrði fyrir samsköttun **í árslok 2001** og benti m.a. á að samkvæmt skráningu þjóðskrár Hagstofu Íslands hefði sambúð kærenda ekki hafist fyrr en 9. október 2001
- Fyrir lá að kærendur keyptu saman íbúð í **september 2000** sem bar samkvæmt kaupsamningi að afhenda þeim 1. febrúar 2001. Með hliðsjón af því féllst yfirskattanefnd á kröfu kærenda um samsköttun sem fólks í óvígðri sambúð

# Annar makinn búsettur erlendis ...

## Sjá 2. mgr. 63. gr. TSL

- Sé svo ástatt hjá hjónum að annar hvor makanna er skatt skyldur hér á landi skv. 1. gr. en hinn makinn ber ekki ótakmarkaða skattskyldu hér á landi vegna ákvæða samninga Íslands við önnur ríki eða af öðrum ástæðum, þá skal sá maki **sem skattskyldur er hér á landi skattlagður sem einstaklingur**
- Til tekna hjá honum skal telja allar sérafla- og séreigna tekjur hans í samræmi við ákvæði um ótakmarkaða skatt skyldu hér á landi **að viðbættu sannanlegu fram færslufé frá hinum makanum.** Sé eigi unnt að færa sönnur á slíkt fram færslufé skal skattyfirvöldum heimilt að áætla sanngjarnt og hæfilegt framfærslufé með hliðsjón af öllum aðstæðum hjónanna

# Dorrit flutti lögheimilið að ráði lögfræðinga

Lögheimili í London til að sinna betur fjölskyldufyrirtækinu

Ritstjórn DV ritstjorn@dv.is

12:31 • 15. júní 2013



Dorrit Moussaieff, forsetafrú, flutti lögheimili sitt til Bretlands að ráði lögfræðinga til að geta betur sinnt fjölskyldufyrirtækinu.

Þetta kemur fram í tilkynningu sem forsetafrúin sendi frá sér fyrir stuttu en þar skýrir hún hvers vegna hún á ekki lengur lögheimili á Bessastöðum eins og Ólafur Ragnar Grímsson forseti.

Þar segir Dorrit að undirbúningur að flutningi lögheimilis hafi hafist þegar líkur voru á að eiginmaður hennar yrði ekki lengur forseti Íslands og gert að ráði lögfróðra manna. Þar eiga foreldrar hennar fyrirtæki en Dorrit segir þá orðna háaldraða og þurfi hjálp við reksturinn.

Tilkynningin í heild sinni:

Þegar horfur voru á að eiginmaður minn yrði ekki lengur forseti gerði ég ráðstafanir til að geta sinnt meira fyrri störfum mínum í London, einkum í ljósi þess að foreldrar mínir, sem stjórnað hafa fjölskyldufyrirtækinu, eru nú háaldraðir.



Forsetafrúin Hún á heimilisfesti í London en ekki á Bessastöðum eins og forsetinn

Breytingin var gerð samkvæmt ráðleggingum lögfræðinga á grundvelli eftirfarandi lagaákvæða:

„Ákvæði 7. gr. lögheimilislaga um að hjón eigi saman lögheimili verður að skoða í tengslum við ákvæði annarra laga sem fjalla um heimili, heimilisfesti og aðsetur. Má í því sambandi t.d. nefna ákvæði 2. mgr. 63. gr. tekjuskattslaga nr. 90/2003, sbr. 1. gr. sömu laga. Í þessum ákvæðum er fjallað um heimilisfesti manna á Íslandi og kemur fram í 63. gr., sem fjallar um hjón, að svo geti verið ástatt hjá hjónum að annar makinn sé skattskyldur ótakmarkað vegna heimilisfesti hér á landi, þ.e. með lögheimili, en hinn makinn með takmarkaða skattskyldu, þ.e. ekki með lögheimili hér á landi vegna ákvæða samninga Íslands við önnur ríki eða af öðrum ástæðum. Ákvæði 63. greinarinnar eiga einkum við erlenda ríkisborgara og með samningum við önnur ríki er t.d. átt við ákvæði tvísköttunarsamninga. Þá er rétt að vekja athygli á því að samkvæmt lögum um tilkynningar aðsetursskipta

lík með

256

+1 0

Tweet

Deila á Facebook



## Gísli og Nína með sömu hjúskaparstöðu og forsetinn



Nína Dögg Filippusdóttir, Gísli Örn Garðarsson og Rákel María. [mbl.is/Styrmir/Kari](https://mbl.is/Styrmir/Kari)

Gísli Örn Garðarsson og Nína Dögg Filippusdóttir eru skráð sem *hjón ekki í samvistum* í Þjóðskrá. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, er með sömu skráningu í Þjóðskrá en það vakti mikla athygli þegar hann og eiginkona hans, Dorrit Moussaieff, fengu undanþágu á að vera ekki skráð með sama lögheimili.

Moussaieff flutti lögheimili sitt til Bretlands árið 2013 vegna skattamála.

„Hún og Ólafur Ragnar eru skráð í þjóðskrá sem hjón ekki í samvistum. Dorrit sagðist í yfirlýsingu hafa gert ráðstafanir á grundvelli skattalaga, til að geta sinnt vinnu sinni betur, sem og öldruðum foreldrum í London, þegar horfur voru á að Ólafur Ragnar yrði ekki lengur forseti.

Skattasérfræðingar gefa lítið fyrir þau rök að Dorrit hafi þurft að flytja lögheimili til Bretlands til að tryggja áframhaldandi rekstur fyrirtækis foreldra sinna. Líklegra sé að þrengri reglur um heimilisfesti í Bretlandi séu ástæðan,” sagði á [vef.ruv.is](http://vef.ruv.is).

Á þeim tíma var haft samband við Sólveigu J. Guðmundsdóttur sviðsstjóra Þjóðskrársviðs hjá Þjóðskrá Íslands. „Til þess að gera undanþágu á þessu er til ein undanþáguheimild sem lýtur að Alþingismönnum þar sem heimild er til þess að þeir hafi annað lögheimili.”



# Atvinnurekstrar

## Tekjur **hjóna** skv. B-lið 7. gr. TSL

### 1. Meginregla, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 62. gr. TSL

Hreinar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, sbr. B-lið 7. gr. og 31. gr., skal telja hjá því hjóna sem stendur fyrir rekstrinum og skulu þær skattlagðar með **öðrum tekjum þess**, sbr. ákvæði 3. tölul. 61. gr.

### 2. Skýringarregla 1. Þessi regla hefur algeran forgang

Þegar atvinnurekstur eða sjálfstæð starfsemi er háð sérþekkingu eða persónubundnum rekstrarleyfum skulu hreinar tekjur af rekstrinum taldar hjá því hjóna sem sérþekkinguna eða leyfið hefur. Það hjóna telst með öðrum orðum standa fyrir rekstrinum

### 3. Skýringarregla 2. Þessi regla þokar fyrir sérreglu 1

Starfi hjón **sameiginlega að atvinnurekstri** eða sjálfstæðri starfsemi og hafi bæði þá sérþekkingu eða leyfi sem krafist er, eða sé slíkrar sérþekkingar eða leyfa ekki krafist, **skal skipta hreinum tekjum af rekstrinum í hlutfalli við VINNUFRAMLAG** hvors um sig og telja til tekna **hjá hvoru hjóna**

Geri hjón ekki fullnægjandi og rökstudda grein fyrir vinnuframlagi hvors um sig eða þyki skýrslur þeirra tortryggilegar **skulu skattyfirvöld áætla skiptingu** hreinna tekna af atvinnurekstrinum eða hinni sjálfstæðu starfsemi

# Atvinnurekstur hjóna

- Sérþekking eða atvinnurekstrarleyfi. Hreinar tekjur, það er hagnaður, skattleggst hjá þeim maka er sérþekkingu eða leyfi hefur
- Sérþekkingingar eða atvinnurekstrarleyfis ekki þörf. Hreinar tekjur, það er hagnaður skattleggst hjá þeim maka er stendur fyrir atvinnurekstrinum
- Samrekstur, sérþekkingar eða atvinnurekstrarleyfis ekki krafist eða bæði hafa nauðsynlega sérþekk ... Hreinar tekjur, það er hagnaður, skiptist á milli makanna eftir vinnuframlagi þeirra
  - Ath. miða ber við **VINNUSTUNDAFJÖLDA** ekki fjárhæð launa eða reiknaðs endurgjalds

# NÁNAR

## Rekstur á eigin kt.

- **SÉRÞEKKING.** Læknir, lögfræðingur, endurskoðandi, smiður, rafvirki o. fl.
  - Almennt get ég ekki breytt sérþekkingu. Annað hvort tilheyrir hún mér/þér/honum/henni eða ekki
- **ATVINNUREKSTRARLEYFI.** Verslunar leyfi, vínveitingarleyfi, atvinnubifreiðarleyfi
  - Hér hef ég meiri breytingarmöguleika. Skv. því ræð ég því hvort ég eða þú, hann eða hún fái leyfi

# YSÚ 485/1997

## skrítin niðurstaða

- Deilt var um það hvort kærendum, sem voru hjón, væri heimilt í skattskilum sínum að skipta **hreinum tekjum** af sameignarfélagi um endurskoðunarstofu að jöfnu milli sín í samræmi við eignarhlutdeild þeirra í félaginu eða hvort telja bæri tekjurnar að öllu leyti til tekna hjá manninum á grundvelli ákvæða 3. tölul. 1. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981. Eiginmaðurinn var löggiltur endurskoðandi en eiginkonan ekki
- Yfirséttanefnd taldi bera að líta svo á, í ljósi þess að löggilding endurskoðenda væri lögbundin atvinnuréttindi, sem m.a. væri háð lagakröfum um sérþekkingu, að eiginmaðurinn stæði fyrir rekstri endurskoðunarstofunnar í skilningi fyrrgreindra ákvæða, og bæri að telja hreinar tekjur af rekstri endurskoðunarstofunnar **að öllu leyti** hjá honum

# Tapsjöfnun

Þetta skiptir máli við ...

- Um meðferð á tapi af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi **HJÓNA** fer eftir sömu reglum og gilda um hreinar tekjur, sbr. 1. og 2. mgr. 3. tölul. 62. gr. TSL
- Samkvæmt því tilheyrir tapið þeim maka sem **stendur fyrir atvinnurekstrinum skv. meginreglunum hér að framan. Sjá 3. mgr. 3. tölul. 62. gr. TSL**
- Við ákvörðun á hjóna skattlagningu ber því jafnan að sýna nokkra fyrirhyggju. **Þannig er æskilegt að passa vel upp á að sami maki standi fyrir báðum fyrirtækjunum ef þess er nokkur kostur**

# Sameignarfélag hjóna

- Sameignarfélag getur bæði verið sjálfstæður skattaðili og **ekki** sjálfstæður skattaðili, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. TSL
- Karl og kona í óvígðri sambúð geta stofnað sf./slf. og má það vera sjálfstæður skattaðili. **Hjónum er það hins vegar fyrirmunað/óheimilt**
- Gangi karl og kona í sambúð í hjónaband missir félagið þess vegna skatthæfi sitt
- Finnst ykkur þetta eðlilegt og hvaða afleiðingu hefur missirinn á skatthæfinu fyrir sambúðarfólkið að ykkar mati? Skoðu þetta dæmi

# Af koma af sameignarrekstri hjóna

| Ár       | 1      | 2      | 3      | 4      | 5      | 6      |
|----------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|
| Afkoma   | -1.500 | -1.000 | -500   | 0      | 1.500  | 1.500  |
| Yfirfært | -1.500 | -2.500 | -3.000 | -3.000 | -1.500 | -1.500 |

Reksturinn er á núlli í árslok 4 árs. Framtíðin virðist því björt og í ljósi þessa ákveða A og B að ganga í hjónaband. Í árslok 5 árs er 1,5 millj. hagnaður af starfseminni og eykur það enn á hamingju hjónanna. Engin takmörk eru líka á hamingju þeirra í lok árs 6 þegar sama sagan endurtekur sig aftur þar til þeim berst bréf frá Ríkisskattstjóra dags. 1. mars 2020 þar sem segir að við endurskoðun á skattskilum þeirra virðist sem félagið hafi glatað skattalegu hæfi sínu í ársbyrjun 2016 og standi því til að gera þeim auka skatt að fjárhæð 1,4 millj. HVAÐ GETA HJÓNIN GERT?

# 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. TSL

Skyldan til að greiða skatt hvílir m.a. á

- - Samlagsfélögum og sameignarfélögum með ótakmarkaðri ábyrgð félagsaðila, enda sé félagið skráð í firmaskrá hér á landi, þess óskað við skráningu að félagið sé sjálfstæður skattaðili og við skráningu afhentur félagssamningur þar sem getið sé eignarhlutfalla eigenda, innborgaðs stofnfjár svo og hvernig félagsslitum skuli háttað
- Senda skal ríkisskattstjóra vottorð um skráningu og staðfest eftirrit af félagssamningi með fyrsta skattframtali þessara félag
- **Hjón ein sér eða með ófjárráða börnum sínum geta ekki myndað samlagsfélag eða sameignarfélag er sé sjálfstæður skattaðili**



# Stofnun og slit hjónabands

- Um hjón gilda sérstakar reglur við skattlagningu. Eðlilega miðast framkvæmd þeirra við það að **aðilarnir** séu í hjónabandi allt árið það er frá 1. jan. til 31. des. Ef þessu skilyrði er ekki fullnægt verður að handreikna tekjuskatt þeirra. Um það eru ákvæði í 63. gr. TSL
  - Þeir skattaðilar sem uppfylla skilyrði 62. gr. aðeins hluta úr ári, t.d. vegna stofnunar eða slita hjúskapar á árinu, slita á samvistum eða andláts maka, skulu telja fram tekjur sínar á þeim tíma sem umrædd skilyrði voru uppfyllt í samræmi við ákvæði 62. gr. og skulu skattlagðir sem hjón þann tíma
- Tekjur á öðrum tíma skal hins vegar telja fram hjá þeim, **sem þær hafði, SEM EINSTAKLINGI**, og skattleggja þær samkvæmt því. Um útreikning tekjuskatts og ónýtt persónuafsláttar fer eftir ákvæðum 2. mgr. 69. gr., **en tímamörk skulu miðast við þann dag sem til hjúskapar var stofnað** eða skilnaður eða sambúðarslit fóru fram eða maki andaðist

# Skattlagning á giftingarárinu

hinn opinberi stuðningur ríkisins við nýgifa

- Einstaklingar, sem gengið hafa **í hjúskap** á árinu eða uppfyllt hafa skilyrði 3. mgr. 62. gr. (sambúðarskattlagning), **er þó jafnan heimilt** að telja fram **allar tekjur sínar á árinu**, sem hjón, í samræmi við ákvæði 62. gr.
  - Einstaklingar sem ganga í hjónaband 1. sept. geta því óskað eftir að sæta samskattlagingu frá og með 1. jan.
- **Þetta er heimildarákvæði.** Hjónum er því ekki skylt að nota það. Í því felst jafnframt að þau eiga rétt á endurákvörðun skatta sinna ef lagt er á þau sem hjón allt árið án þess að skýlaus ósk þeirra liggi fyrir um það

# Skattlagning við skilnað

- Hjónum, sem slíta hjúskap eða samvistum á árinu, er **heimilt** að telja fram allar tekjur sínar á því ári **hvoru í sínu lagi** → **SÉRSKATTLAGNING**
  - Ath. til að þetta sé unnt verða bæði hjónin að samþykkja það
- **Afleiðing af sérskattlagningu á árinu**
  - Hafi þau samnýtt persónuafslátt þannig að annar makinn hefur nýtt persónuafslátt hins á staðgreiðsluárinu skal telja þannig nýttan persónuafslátt þeim fyrrnefnda til góða, en skerða persónuafslátt hins síðarnefnda sem því nemur
  - Gera skal sérstaka grein fyrir þessari nýtingu með framtali að staðgreiðsluári liðnu
- **Mökum, sem skilja, er hins vegar aldrei heimilt að telja fram og vera skattlögð sem hjón allt árið á skilnaðarári**

# Úrskurður nr. 395/2005

## Gjaldár 2004

- **Sambúð kæranda og B lauk á miðju ári 2003 og voru þau skattlögð sem einstaklingar vegna alls tekjuársins 2003**
- **Fallist var á kröfu kæranda um að halda persónuafslætti B sem hún hafði nýtt meðan sambúðin varaði á árinu 2003, það er frá áramótum til skilnaðardags**

# Yfirlit

- Hjónaskattlagning, sjá 63. gr. TSL. Skv. því skattleggjast makar sem gengið hafa í hjónaband, sem einstaklingar frá ársbyrjun til giftingardags, en sem hjón frá og með þeim degi til ársloka
- Þetta gildir þó ekki ef hlutaðeigandur óska eftir að vera samsköttuð, sem hjón, frá ársbyrjun. Sjá 4. málsl. 1. mgr. 63. gr. TSL. Þessu er eins farið um fólk í óvígðri sambúð, sbr. 3. mgr. 62. gr. TSL
- Makar, sem skilja á árinu, eiga hins vegar **EKKI** rétt á því að láta skattleggja sig sem hjón allt árið. Frá og með skilnaðardegi til ársloka ber því að skattleggja þau sem einstaklinga – hvað sem raular og tautar
- Hins vegar geta þau óskað eftir að vera skattlögð **sem einstaklingar** allt árið en til að svo megi verða þarf samþykki beggja að liggja fyrir. **Þetta breytir samt engu um persónuafsláttinn**

# YSÚ 311/2000

- Kærandi óskaði eftir því að hann og fyrrverandi eiginkona hans yrðu skattlögð sem **hjón fram** að hjúskaparslitum á árinu 1996 en sem einstaklingar frá þeim tíma
- Í samræmi við framangreint viðhorf stóð kærandi skil á þremur skattframtölum fyrir sig og eiginkonu sína árið 1997. Aftur á móti hafði fyrrverandi eiginkona kæranda talið fram til skatts sem einstaklingur sama ár og ekki lá fyrir að hún væri samþykk kröfu kæranda
- **Yfirsattanefnd hafnaði kröfu kæranda með vísan til þess að hvort hjóna um sig gæti við hjúskaparslit óskað eftir því að telja fram tekjur sínar hvort í sínu lagi**

# Fráfall maka

- Við andlát lýkur skattskyldu manns. Hafi aðili verið í hjónabandi eða sambúð FELLUR samsköttunin því niður
- Þetta er eðlilegt vegna þessa að hjónin eru þá ekki lengur **SAMVISTUM**, sbr. 1. mgr. 62. gr. TSL
- Andlát skammlífari maka er auðvitað mjög íþyngjandi fyrir hinn langlífari. Í skattalögunum er því reynt að koma til móts við hann með því að **HEIMILA**
  - Eftirlifandi maka ... að telja fram allar tekjur sínar og hins látna maka **sem hjón væru** í samræmi við ákvæði 62. gr., **í allt að níu mánuði frá og með andlátsmánuði makans** og fer þá um álagningu tekjuskatts og ákvörðun persónuafsláttar samkvæmt því
  - **Ekki er alveg ljóst hvað þetta þýðir.** Hins vegar er hafið yfir allan vafa að eftirlifandi maki á rétt á tvöföldum persónuafslætti í 9. mánuði

# Úrskurður nr. 364/2003

## Gjaldár 2002

- Hjónin A og B slitu samvistir í ársbyrjun 2001 og skildu að borði og sæng í mars sama ár. Í maí 2001 andaðist B
| 3. Langvinir veikindi barna  | 315    | 9,97                       | 14.900.000                | 183    | 132    | 81.421          |
| 4. Framfarir vandamanna      | 103    | 3,26                       | 7.600.000                 | 36     | 67     | 211.111         |
| 5. Eignatjón                 | 71     | 2,25                       | 2.300.000                 | 14     | 57     | 164.286         |
| 6. Tap á kröfum              | 149    | 4,72                       | 21.300.000                | 69     | 80     | 308.696         |
| Samtals:                     | 3160   | 100                        | 401.200.000               | 1949   | 1211   |                 |
| Menntun barna                | 6591   |                            | 1.080.700.000             | 6315   | 266    | 171.132         |
| Samtals:                     | 9751   |                            | 1.481.900.000             | 8264   | 1477   |                 |

Mynd II

### Umsóknir flokkaðar eftir tíðeli





# Viðmiðunarreglur um ívilnanir



**Elín Alma Arthursdóttir** er viðskiptafræðingur að mennt og hefur unnið við skattfrákvæmd í þrjá áratugi, m.a. á skattstofunum í Reykjavík og Vestmannaeyjum. Hún sat rúman áratug í yfirskattanefnd og er sviðsstjóri fagsviðs hjá ríkisskattstjóra.

***Ívilnanir byggja m.a. á því að um veruleg útgjöld vegna tiltekinnna atvika sé að ræða umfram það sem venjulegt getur talist, og sem hafa eftir atvikum skert gjaldþol viðkomandi gjaldanda. Jafnframt geta tilteknar aðstæður eða tilvik verið grundvöllur fyrir ákvörðun á ívilnun.***

Um lákkun á tekjuskattstofni (ívilnun) vegna tiltekinnna atvika og aðstæðna hjá skattgjöfendum gildir 1.-6. tölul. 65. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Sé fallist á lákkun skal úrvarstoðin lákkun um sömu fjárhæð skv. 3. mgr. 21. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga. Almennir þarf að sækja um slíka lákkun samhliða skilum á skattframtali en samkvæmt 2. mgr. 65. gr. tekjuskattslaga getur ríkisskattstjóri veitt ívilnanir ári sérstakrar umsóknar. Ríkisskattstjóri tekur umsókn um ívilnun sem best með skattframtali til algjöruðu áður en álagningar optóbarna gjalda er birt. Heimilt er að kæra niðurstöðu ríkisskattstjóra í almennum kærefresti sem auglýstur er að lokinni álagningu ár hvert. Kærufresturinn ríkisskattstjóra er unnit að skipta til yfirskattanefndar. Þá er ríkisskattstjóra heimilt að taka til afgræðnu umsókn um ívilnun sem best eftir að kærefresti vegna álagningar lýkur, þó

lengst sex tekjur aftur í tímann, talið frá því ári þegar beiðni kemur fram, enda liggja verulegir hagsmunir að baki slíku beiðni.

Ívilnanir byggja m.a. á því að um veruleg útgjöld vegna tiltekinnna atvika sé að ræða umfram það sem venjulegt getur talist, og sem hafa eftir atvikum skert gjaldþol viðkomandi gjaldanda. Jafnframt geta tilteknar aðstæður eða tilvik verið grundvöllur fyrir ákvörðun á ívilnun. Reglar um hvernar veita skuli ívilnun og með hvaða fjárhæðum verða því aldei temandi að öllu leyti, enda eru ákvæðin þar að litandi í eðli sínu matkenndar. Við ákvörðun á ívilnunum þarf þó alltaf að geta ákveðins samræmis.

Ríkisskattstjóri hefur sett reglur um skilyrði fyrir ákvörðun á ívilnun sem birtar hafa verið í skattalagasetni embættisins. Þær viðmiðunir hafa nú verið endurskoðaðar og skal almennt hafa hinar nýja viðmiðunarreglur til hlífðjónar við



ákvörðun á ívilnunum. Meita þarf hvern einstakt tilvik heildstætt og með hlífðsjón af atvikum öllum. Ákvörðun um ívilnun byggir þannig að hluta á föstum viðmiðunum sem unnit er að beita með sama hætti í öllum sambærlegum tilvikum, og að hluta á heildstæðu mati á öllum aðstæðum og fjárhagslegri stöðu umsækjanda og því vígnimi sem laga-ákvæðið veitir.

## Ívilnunartilvik

Eftirfarandi tilvik sem kvæðið er á um í 65. gr. tekjuskattslaga koma til álita við ákvörðun á því hvort tilefni sé til að lákkja tekjuskatt- og úrvarstoðin einstaklings með ívilnun. Engar aðrar heimildir eru fyrir hendi í lögum um tekjuskatt um lákkun á skattstofnum. Þannig kemur ekki til álita að lákkja skattstofn af þeim ástæðum einum að maður hefur ætlað sér um of og ræður ekki við að greiða af skuldum sínum, eða hefur á einhvern hátt eytt um efni fram, svo dæmi séu tekin.

### 1. Ef tilfinningaleiki, veikindi, slys eða matmislið hafa skert gjaldþol manns verulega.

Við mat á ívilnunum er fyrst og fremst litið á þann þema kostnað sem gjaldandi hefur orðið fyrir á tekjársinu og er umfram gengislaus bætur, styrki og aðrar greiðslur sem hann hefur fengið af sama tilefni. Kostnaður þarf jafnframt að vera umfram það sem venjulegt er og hafa skert

gjaldþol umsækjanda. Leggia þarf fram gögn til staðfestingar á útgöðum kostnaði og eftir atvikum lækningvottorð. Við ákvörðun á ívilnun er litið til samantlagðs kostnaðar sem til hefur fallið í sambandi við veikindi og slys. Miðað er við að alla jafna falli til einhver þeirra greiðsleikis hjá hverjum einstaklingi, sbr. upplýsingar um grunn neyðsviðtölu þar sem reiknað er með slíkum kostnaði. Er þar átt við lækningshjálpi, lyf og annan sambærilegan kostnað. Verður því almennt ekki ákvæðið ívilnun vegna slíks venjulegs læknaðskostnaðar hjá hverjum og einum. Auk þess verður að miða við að kostnaður teljist ekki venulegur fyrir en hann nemur töluvert hærra fjárhæð en slíki læknaðskostnaði sem alla jafna fellur til og gert er ráð fyrir að hver og einn standi undir.

Með heilbrigðiskostnaði í tengslum við ákvörðun á ívilnun er t.d. átt við kostnað við lækningshjálpi, lyfjakaup, sjúkrahjálpan, dvöl á heilsuöfnum, lækningfjórðug og ýmis útgjöld sem tengjast aðkeyptri aðstöðu, t.d. við heimahjúkrun og þríf. Þá getur ferðakostnaður sem til fellur í þeim sambandi við veikindi eða slys, og ekki fest endurgreiddur af öðrum, komið til álita sem grundvöllur ívilunar. Er þar t.d. átt við kostnað vegna fargjalda, gistingar og annan þessan ferðakostnað. Einnig getur kostnaður vegna sérþurfa komið til álita við ákvörðun á ívilnun, s.s. ef breyta þarf eigin húsnæði vegna þreyfðómunnar, einstaklingur þarf að vera á einhvern konar

sérþæði vegna veikinda, eða annað slíkt sem er umfram það sem venjulegt getur talist og fellur til vegna veikinda eða slys.

Almennt er ekki veitt ívilnun vegna kostnaðar við kaup á gleraugum og heymartækjum en til þess getur þó komið við sérstakrar aðstæðu, og ef kostnaður er umfram það sem slík tæki kosta að jafnaði og einstaklingi er ætlað að greiða sjálfur. Ekki er veitt ívilnun vegna kostnaðar við ættleiðingu barns en á móti tekjufærðum ættleiðingargæti, samkvæmt lögum um ættleiðingargæti, er heimilt í skattframtali að fara útgjöld að hámarki móttækinni fjárhæð styrksins.

Eftirlitandi máka er almennt veitt ívilnun vegna útfararkostnaðar hins látna maka. Ívilnun er annað hvort ákvæðið með tiltekinni fjárhæð eða við sérstakrar aðstæðu samkvæmt framgöngu rekningum en þó að ákveðnu hámarki. Þá getur komið til þess að foreldrar sé veitt ívilnun vegna útfararkostnaðar barna sína, eða eftir atvikum þeim sem greiða þann kostnað. Sama á við gagnvart þeim sem greiða útfararkostnað einstaklings sem ekki létur eftir sig maka og bú hans er eignalaust eða eignalaust.

### 2. Ef maður hefur barn á framfæri sem er langveikt eða fatlað.

Ef maður hefur á framfæri sínu langveikt eða fatlað barn getur komið til ívilunar vegna kostnaðar sem er umfram venjulegan framfarisluðkostnað og ekki

# Reglur nr. 495/2017

- Ríkisskattstjóri er heimilt að veita ívilnun án umsóknar. Venjulega er það gert þegar andlát ber að höndum
- Sækja ber um ívilnun til ríkisskattstjóra. Best er að gera það í tengslum við framtalsskil. Ákvörðun ríkisskattstjóra um ívilnun var áður fyrr endanleg í málinu
- Nú má hins vegar kæra ákvörðun hans til yfirskattanefndar

## AUGLÝSING

### um viðmiðunarreglur ríkisskattstjóra um ákvörðun á lækkun á skattstofnum (ívilnun) við álagningu opinberra gjalda 2018.

Við tilteknað aðstæður er heimilt að óska eftir lækkun á skattstofnum einstaklinga samkvæmt 65. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Óska þarf eftir lækkun (ívilnun) í skattframtali og fylla þarf út þar til gerða umsókn (RSK 3.05). Gera þarf grein fyrir aðstæðum, sýna fram á útlagðan kostnað á viðkomandi ári og leggja fram önnur gögn eftir því sem við á. Sé umsókn eða gögn ófullnægjandi eða nauðsynleg gögn fylgja ekki er umsókninni synjað að svo stöddu.

Heimild ríkisskattstjóra til lækkunar á skattstofnum getur einkum átt við vegna sérstakra áfalla, svo sem slysa eða veikinda, sérstakra útgjalda vegna þungrar framfærslu, en einnig ef maður verður fyrir verulegu óbættu eignatjóni, tapar kröfum eða á hann falla ábyrgðir sem ekki stafa af atvinnurekstri.

Eftirfarandi reglur eiga að jafnaði við þegar ívilnun er ákvörðuð. Komi eitthvað það fram af hálfu umsækjanda sem t.d. sýnir fram á einhverja sérstöðu í viðkomandi máli þá er það skoðað sérstaklega.

#### A. Ef ellihrörleiki, veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol manns verulega (samanber 1. tölul. 65. gr. tekjuskattslaga).

Lækkun kemur til álita ef veikindi, slys, ellihrörleiki eða mannslát hafa í för með sér *verulega skert gjaldþol* hjá einstaklingi. Fyrst og fremst er litið til þess að til hafi fallið kostnaður sem einstaklingurinn hefur greitt sjálfur og er umfram það sem telst venjulegur almennur kostnaður, t.d. vegna lyfja og læknishjálpar. Ívilnun kemur því almennt ekki til greina nema kostnaður sé umfram það sem venjulegt telst.

Venjulegur almennur kostnaður vegna heilbrigðisþjónustu hvers og eins einstaklings tekur mið af reglum um greiðsluþátttöku ríkisins, sbr. upplýsingar sem fram koma á vef Sjúkratrygginga Íslands þar um hverju sinni (sjukra.is). Er í því sambandi miðað við hámarksgreiðslu einstaklings fyrir lækniþjónustu, sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun, talþjálfun, rannsóknir, geisla- og myndgreiningar, meðferð húðsjúkdóma og þjónustu sálfræðinga sem starfa samkvæmt samningi við Sjúkratryggingar Íslands. Á sama hátt er miðað við að venjulegur almennur kostnaður vegna lyfjakaupa sé sá kostnaður sem einstaklingi er að hámarki gert að greiða samkvæmt greiðsluþátttökukerfi ríkisins, sbr. upplýsingar á vef Sjúkratrygginga Íslands þar um hverju sinni (sjukra.is). Sértekur kostnaður er sá kostnaður sem fellur ekki undir greiðsluþátttöku ríkisins, t.d. ákveðinn lyfjakostnaður, eða kostnaður sem fellur ekki undir framangreinda skilgreiningu á því sem telst venjulegur heilbrigðiskostnaður, eins og t.d. kostnaður við heyrnartæki og tannviðgerðir vegna sjúkdóma.

Skert gjaldþol er að jafnaði reiknað út frá birtum dæmigerðum neysluviðmiðum velferðar-áðuneytisins fyrir heimili á Íslandi í upphafi þess tekjuárs sem umsókn um ívilnun varðar og taka fjárhæðir breytingum á milli ára samkvæmt þessum viðmiðum. Telji umsækjandi að gjaldþol hans hafi skerst umfram það sem útreikningur samkvæmt reglunum sýnir ber honum að rökstyðja það sérstaklega og leggja fram skýringar og eftir atvikum gögn.

##### 1. Vegna mannsláts (samanber 1. tölul. 65. gr. tekjuskattslaga).

Við mat á ívilnun er einkum litið til útfararkostnaðar og eins ef til fellur annar kostnaður vegna andlátsins, sem telst verulegur.

Sé kostnaður 950.000 kr. eða lægri, þarf ekki að tilgreina sundurliðaðar fjárhæðir. Ef óskað er eftir hærri ívilnun þarf að gera sundurliðaða grein fyrir þeim kostnaði sem til féll. Ívilnun verður ekki hærri en 1.350.000 kr. nema í sérstökum undantekningartilvikum.

##### 2. Vegna veikinda, slysa, eða ellihrörleika (samkvæmt 1. tölul. 65. gr. tekjuskattslaga).

Komi lækkun til álita er reiknaður saman sá kostnaður sem heimilt er að horfa til og einstaklingurinn hefur greitt sjálfur og reynist umfram það sem telst venjulegur kostnaður, t.d. vegna lyfja og læknishjálpar. Almennur venjulegur kostnaður vegna heilbrigðisþjónustu og lyfja telst að jafnaði

# Endurgreiðslur á skatti

- Samkvæmt tekjuskattslögum eiga menn rétt á **þrenns konar** endurgreiðslum á skatti
  1. Persónuafslátturinn er í eðli sínu tekjuskattsendurgreiðsla. Til að finna tekjuskatt til greiðslu ber þannig að draga persónuafslátt frá reiknuðum tekjuskatti
    - Og standi eitthvað eftir ónýtt af honum gengur það til lækkunar á reiknuðu útsvari
    - Hinar endurgreiðslurnar eru annars vegar barnabætur og hins vegar vaxtabætur. Í daglegu máli eru þessar endurgreiðslur venjulega kallaðar **BÆTUR**

# Persónuafsláttur

## í staðgreiðslu árið 2021

- Persónuafsláttur manna, **sem skattskyldir eru hér á landi allt almanaksárið 2019**, skal vera 609.509 krónur, eða 50.792 krónur að meðaltali á mánuði. Fjárhæð persónuafsláttar skal birta með auglýsingu fjármálaráðherra fyrir upphaf staðgreiðsluárs
1. Nemi persónuafsláttur skv. 1. mgr. hærri fjárhæð en **reiknaður tekjuskattur** af tekju-skattsstofni skv. 1. tölul. 1. mgr. 66. gr. **skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun, og ráðstafa því til að greiða útsvar hans á álagningarárinu**
  2. Sá persónuafsláttur, sem þá er enn óráðstafað, **fellur niður, nema um sé að ræða óráðstafaðan persónuafslátt annars hjóna**, sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 62. gr., **en þá skal óráðstöfuðum persónuafslætti annars makans bætt við persónuafslátt hins**
  3. Nemi þannig ákvarðaður persónuafsláttur síðarnefnda makans í heild hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni hans skv. 1. tölul. 1. mgr. 66. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun til að greiða útsvar hans á álagningarárinu
  4. **Af þeim persónuafslætti sem þá er óráðstafað skal 22/37 hlutum ráðstafað til að greiða tekjuskatt sem lagður er á fjármagnstekjur, sbr. 3. mgr. 66. gr.**
  5. Sá hluti persónuafsláttar, sem þá verður enn óráðstafað, fellur niður. Ónýttan persónuafslátt er því **Ekki unnt að flytja á milli ára**

# Persónuafsláttur

## í staðgreiðslu árið 2020

- Persónuafsláttur manna, **sem skattskyldir eru hér á landi allt almanaksárið 2019**, skal vera 655.538 krónur, eða 54.625 krónur að meðaltali á mánuði. Fjárhæð persónuafsláttar skal birta með auglýsingu fjármálaráðherra fyrir upphaf staðgreiðsluárs
1. Nemi persónuafsláttur skv. 1. mgr. hærri fjárhæð en **reiknaður tekjuskattur** af tekju-skattsstofni skv. 1. tölul. 1. mgr. 66. gr. **skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun, og ráðstafa því til að greiða útsvar hans á álagningarárinu**
  2. Sá persónuafsláttur, sem þá er enn óráðstafað, **fellur niður, nema um sé að ræða óráðstafaðan persónuafslátt annars hjóna**, sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 62. gr., **en þá skal óráðstöfuðum persónuafslætti annars makans bætt við persónuafslátt hins**
  3. Nemi þannig ákvarðaður persónuafsláttur síðarnefnda makans í heild hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni hans skv. 1. tölul. 1. mgr. 66. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun til að greiða útsvar hans á álagningarárinu
  4. **Af þeim persónuafslætti sem þá er óráðstafað skal 22/37 hlutum ráðstafað til að greiða tekjuskatt sem lagður er á fjármagnstekjur, sbr. 3. mgr. 66. gr.**
  5. Sá hluti persónuafsláttar, sem þá verður enn óráðstafað, fellur niður. Ónýttan persónuafslátt er því **Ekki unnt að flytja á milli ára**

# Persónuafsláttur

## í staðgreiðslu árið 2019

- Persónuafsláttur manna, **sem skattskyldir eru hér á landi allt almanaksárið 2019**, skal vera 677.358 krónur, eða 56.447 krónur að meðaltali á mánuði. Fjárhæð persónuafsláttar skal birta með auglýsingu fjármálaráðherra fyrir upphaf staðgreiðsluárs
1. Nemi persónuafsláttur skv. 1. mgr. hærri fjárhæð en **reiknaður tekjuskattur** af tekju-skattsstofni skv. 1. tölul. 1. mgr. 66. gr. **skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun, og ráðstafa því til að greiða útsvar hans á álagningarárinu**
  2. Sá persónuafsláttur, sem þá er enn óráðstafað, **fellur niður, nema um sé að ræða óráðstafaðan persónuafslátt annars hjóna**, sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 62. gr., **en þá skal óráðstöfuðum persónuafslætti annars makans bætt við persónuafslátt hins**
  3. Nemi þannig ákvarðaður persónuafsláttur síðarnefnda makans í heild hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni hans skv. 1. tölul. 1. mgr. 66. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun til að greiða útsvar hans á álagningarárinu
  4. **Af þeim persónuafslætti sem þá er óráðstafað skal 22/37 hlutum ráðstafað til að greiða tekjuskatt sem lagður er á fjármagnstekjur, sbr. 3. mgr. 66. gr.**
  5. Sá hluti persónuafsláttar, sem þá verður enn óráðstafað, fellur niður. Ónýttan persónuafslátt er því **Ekki unnt að flytja á milli ára**



# Muna tröppuganginn

## Maki 1

- A) Persónuafsláttur dregst fyrst frá reiknuðum tekjuskatti makans
- B) Nemi persónuafslátturinn hærri fjárhæð en reiknaður tekjuskattur dregst það sem afgangs er frá reiknuðu útsvari
- C) Standi eitthvað ónýtt eftir af persónuafslætti makans að loknum þessum frádrætti fellur það niður nema um sé að ræða maka í hónabandi o. s. frv.

## HJÓN



## Maki 2

- D)... en þá dregst persónuafslátturinn frá reiknuðum tekjuskatti hins makans
- E) og svo frá reiknuðu útsvari hans það er að segja ef eitthvað stendur þá eftir
- F) Það sem afgangs er að loknum þeim frádrætti dregst síðan frá reiknuðum fjármagnstekjuskatti fyrirtælda makans og svo hins síðartalda



# Njótendur persónuafsláttar

- Persónuafsláttur er bundinn við einstaklinga það er sérhvern mann 16 ára og eldri
- Karl og kona í hjónabandi, óvígðri sambúð og fólk af sama kyni sem búa saman sem hjón hafa þó möguleika á að **samnýta** ónýttan persónuafslátt hvors annars með ákveðnum hætti
- Foreldrar geta hins vegar ekki nýtt sér persónuafslátt barna sinna. Hið sama gildir um vini sem búa saman. Í því sambandi gildir einu þótt aðilarnir haldi sameiginlegt heimili

## Tekjur myndu skerðast um 149 milljarða



Guðmundur Ingi Kristinsson, þingmaður Flokks fólksins, (t.v.) spurði fjármálaráðherra um mál tengd hækkun skattleysimarka. [mbl.is/Hari](https://mbl.is/Hari)



**mbl.is**

Arnar Þór Ingólfsson  
[athi@mbl.is](mailto:athi@mbl.is)

Ef að persónuafsláttur yrði hækkaður, þannig að skattleysismörk atvinnutekna yrðu 300.000 krónur á mánuði, myndu tekjur ríkisins af tekjuskatti einstaklinga nær þurrkast út, að öðru óbreyttu. Þetta kemur fram í svari Bjarna Benediktssonar fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn Guðmundar Inga Kristinssonar, þingmanns Flokks fólksins.

Flokkur fólksins var með það á stefnuskrá sinni fyrir síðustu Alþingis- kosningar að hækka skattleysismörkin upp í 300.000 krónur, eða eins og segir á vef flokksins: „*Persónuafsláttur verði hækkaður svo að tryggja megi 300.000 kr. skattfrjálsa framfærslu á mánuði.*“

Í dag eru skattleysismörk launatekna á Íslandi 151.978 kr. og persónu- afsláttur 53.895 kr. á mánuði.

Í útreikningum fjármálaráðuneytisins sem birtast í svari Bjarna er dæmið sett upp eins skattleysismörkin hefðu verið hækkuð upp í 300.000 krónur á síðasta ári. Til þess að atvinnutekjur upp að 300.000 krónum hefðu verið lausar við tekjuskatt og útsvar í fyrra, hefði persónuafsláttur einstaklinga þurft að vera 106.387 kr. á mánuði.

Þessi breyting hefði, að öðru óbreyttu, skert tekjur ríkissjóðs af tekju- skatti einstaklinga um 149,3 milljarða króna. Þar af hefðu 100,4 millj- arðar verið vegna lækkunar tekjuskatts og 48,9 milljarðar vegna greiðslu útsvars frá ríki til sveitarfélaga, að því er kemur fram í svari fjár- málaráðherra.

Á síðasta ári fékk ríkið 168,6 milljarða króna tekjur af álagningu tekju- skatts einstaklinga. Miðað við þetta dæmi hefðu tekjur ríkisins af tekju-



## Sambúðin sem má ekki skrá í Þjóðskrá

26.11.2019 - 15:31

Fjölskyldumál · Fjölskylduréttur · Hagstofa Íslands · Innlent · Lög og reglur · lögfræði · Óhefðbundnar fjölskyldur · Sambúðarform · Spegillinn · Stjórnmal · Þjóðskrá



Af hverju máttum við ekki skrá okkur í sambúð? Spyrja systurnar Oddrún Vala og Ragnheiður Gyða Jónsdætur. Þær hafa rekið saman heimili í hartnær þrjátíu ár og ólu dóttur Ragnheiðar upp í sameiningu. Eru gild rök fyrir því að skylt fólk megi ekki búa saman og njóta sömu réttinda og óskyld hjón eða pör? Þarf að endurskoða það hvernig við hugsum um fjölskyldur? Spegillinn kíkti í heimsókn til systranna, ræddi við þær um sambúðina sem ekki má skrá hjá Þjóðskrá og fékk álit lögfræðiprófessors.

### Þjuggu saman af efnahagslegum ástæðum

„Þetta hefur gengi ótrúlega vel öll þessi þrjátíu ár, reyndar erum við aldar upp saman, það kom bara smá hlé þarna í millitíðinni.“ segir Ragnheiður Gyða.



**ARNILDUR**  
**HÁLFDÁNARDÓTTIR**  
Fréttastofa RÚV

[Senda skilaboð](#)



[Hlusta](#)

Innlent | mbl | 12.9.2017 | 22:02 | Uppfært 13.9.2017 7:16

## 91% samsköttunar verður körlum í hag



Benedikt Jóhannsson fjármálaráðherra á fundinum í morgun. [mbl.is/Kristinn Magnusson](http://mbl.is/KristinnMagnusson)



### Tengdar fréttir

#### Fjárlagafrumvarp 2018



Gagnrýna hækkun gjalda

Áætlað er að 91% af þeim skattaafslætti sem hlýst af samsköttun á árinu 2018 nýtist til hækkunar á ráðstöfunartekjum karla. Þá hafa kynin ólíka sýn á afleiðingar jarðgangagerðar.

Þetta kemur fram í fjárlagafrumvarpi sem fjármálaráðherra kynnti nú í morgun. Þar var fjallað um kynjaða fjárlagagerð sem hefur verið lögfest með lögum sem tóku gildi í ársbyrjun 2016.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið greindi umfang samnýtingar skattþrepa eftir kyni fyrir tekjuárin 2010 til 2015. Í ljós kom að um 93% af upphæð skattaafsláttarins fyrir tímabilið nýttist til hækkunar ráðstöfunartekna karla.

Fyrir árið 2018 er metið að skattaafslátturinn verði um 2,7 milljarðar króna vegna úrræðisins, eða 800 milljónum meira en ætla má að hann hefði verið ef þriggja þrepa tekjuskattskerfi væri enn við lýði. Áætlað er að 91% heildarupphæðar afsláttarins nýtist til hækkunar ráðstöfunartekna karla.

**148. löggjafarþing 2017–2018.**  
**Þingskjal 1334 — 603. mál.**

## Svar

**fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Birni Lévi Gunnarssyni  
um ónýttan persónuafslátt.**

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hver var heildarupphæð ónýtts persónuafsláttar þeirra sem rétt áttu á persónuafslætti samkvæmt lögum um tekjuskatt árin 2016 og 2017 og hve margir einstaklingar áttu ónýttan persónuafslátt við lok hvors árs? Svar óskast sundurliðað eftir árum og eftirfarandi aldurs-  
hópum:*

- a. 16–20 ára,*
- b. 21–25 ára,*
- c. 26–35 ára,*
- d. 36–50 ára,*
- e. 51–66 ára,*
- f. 67 ára og eldri.*

Heildarupphæðir ónýtts persónuafsláttar og fjöldi einstaklinga með ónýttan persónuafslátt er sem hér segir:

**Tafla 1: Ónýttur persónuafsláttur tekjuárið 2016.**

| <b>Aldurshópur</b> | <b>Fjöldi einstaklinga<br/>með ónýttan persónuafslátt</b> | <b>Heildarupphæð ónýtts<br/>persónuafsláttar (millj. kr.)</b> |
|--------------------|-----------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------|
| 16–20 ára          | 14.392                                                    | 4.620                                                         |
| 21–25 ára          | 5.601                                                     | 1.662                                                         |
| 26–35 ára          | 4.118                                                     | 1.544                                                         |
| 36–50 ára          | 2.453                                                     | 962                                                           |
| 51–66 ára          | 2.179                                                     | 742                                                           |
| 67 ára og eldri    | 3.207                                                     | 982                                                           |
| <b>Samtals</b>     | <b>31.950</b>                                             | <b>10.512</b>                                                 |

**Tafla 2: Ónýttur persónuafsláttur tekjuárið 2017.**

| <b>Aldurshópur</b> | <b>Fjöldi einstaklinga<br/>með ónýttan persónuafslátt</b> | <b>Heildarupphæð ónýtts<br/>persónuafsláttar (millj. kr.)</b> |
|--------------------|-----------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------|
| 16–20 ára          | 13.893                                                    | 4.599                                                         |
| 21–25 ára          | 5.338                                                     | 1.672                                                         |
| 26–35 ára          | 4.113                                                     | 1.618                                                         |
| 36–50 ára          | 2.385                                                     | 989                                                           |
| 51–66 ára          | 2.092                                                     | 745                                                           |
| 67 ára og eldri    | 2.768                                                     | 854                                                           |
| <b>Samtals</b>     | <b>30.589</b>                                             | <b>10.477</b>                                                 |

# Skattkort - aflagt

## Ath. breytta framkvæmd

- Frádráttur persónuafsláttar frá reiknuðum skatti í staðgreiðslu byggist á því að maður hafi **Skattkort**. Sjá lög um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987. Ath. líka breytta framkvæmd. Skv. henni hefur skattkortið verið aflagt
- Ríkiskattstjóri gefur út skattkort og vilji maður láta taka tillit til persónuafsláttar við útborgun launa verður hann að afhenda launagreiðanda skattkort sitt
- **Launagreiðandi, sem ekki hefur skattkort launamanns undir höndum, er semsé óheimilt að taka tillit til persónuafsláttar manns við greiðslu launa hans**
- Nýti annað hjóna eða sambúðaraðila ekki að fullu persónuafslátt sinn er unnt að skipta skattkortinu þannig að hinn makinn geti nýtt sér þann hluta af persónuafslættinum sem ónýttur er
- Launagreiðanda er heimilt að taka tillit til persónuafsláttar, sem samkvæmt áritun síðasta launagreiðanda á bakhlið skattkortsins, hefur ekki verið nýttur það sem af er árinu

# Skattkort lögð af

Frá árinu 2016 er útgáfu skattkorta hætt en í staðinn er notaður rafrænn persónuafsláttur

- Í samræmi við breytingar á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, verða skattkort lögð af frá og með árinu 2016
- Þótt notkun skattkorta verði hætt þá kallar það ekki á neinar breytingar fyrir launamenn nema einhverjar breytingar komi til t.d. ef hefja á störf á nýjum vinnustað eða breyta nýtingu persónuafsláttar með einhverjum hætti
- Nánari upplýsingar þar um er að finna á vef ríkisskattstjóra – RSK.is



# Persónuafsláttur A-liður 67. gr. TSL

## Reglugerð nr. 10/1992

- Persónuafsláttur miðast við dvalartíma hér á landi. Reiknast hann frá og með komudegi til brottfarardags
- Dvelji maður hér á landi allt árið (365 daga) er persónuafsláttur hans óskertur 609.509 kr. sem jafngildir  $609.509/365 = 1.669$  pr. dag
- Nemi dvalartíminn færri dögum ber því að margfalda dagafjöldann með 1.669 kr. [Sjá 2. mgr. 69. gr. TSL](#)
  - Dæmi: Ef maður er heimilisfastur hér á landi í 200 daga þá er persónuafsláttur hans  $609.509/365 \cdot 200 = 333.978$  kr. í staðgreiðslu



# Barnabætur, sbr. B-lið 67. gr. TSL

## barnabætur eru ekki barnalífeyri

### RÍKINU ER

- Skytt er að greiða barnabætur með sérhverju barni innan 18 ára aldurs á tekjuárinu, sem (1) heimilisfast er hér á landi og er á (2) framfæri þeirra sem skattskyldir eru skv. 1. gr.
  - Börn á framfæri þeirra sem skattskyldir eru skv. 3. gr. TSL eiga því ekki rétt á barnabótum. Ath. þó EES kaflann
- Barnabætur eru greiddar framfærandanda barns. Barnið sjálft nýtur því ekki barnabótanna. Framfærandi telst sá aðili SEM HEFUR BARNIÐ HJÁ SÉR og annast framfærslu þess í lok tekjuársins. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi.
- Hjón, sem skattlögð eru skv. 62. gr., teljast bæði framfærendur og skiptast barnabætur milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambúðarfólk sem uppfyllir í lok tekjuársins skilyrði 3. mgr. 62. gr. enda þótt það óski ekki að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein. Að sama skapi teljast þeir sem halda heimili saman ásamt barni sínu framfærendur í skilningi ákvæðisins þótt skilyrði til skráningar á sambúð séu ekki uppfyllt. Við slíkar aðstæður skal ákvarða barnabætur eins og um hjón sé að ræða.
- Sé svo ástatt, að einungis annað hjóna er skattskytt hér á landi skv. 1. gr., skal reikna því fullar barnabætur vegna þeirra barna hjónanna, sem eru heimilisföst hér á landi, eftir þeim reglum er gilda um hjón, enda liggi fyrir upplýsingar um tekjur beggja ásamt upplýsingum um barnabætur eða hliðstæðar greiðslur vegna sömu barna sem greiddar hafa verið erlendis

# Rétthafar barnabóta

„framfæri þeirra sem skattskyldir eru skv. 1. gr.“

- Skattskyldir foreldri/ar sem eiga heima hér vegna
  - barna sem búa hjá þeim á Íslandi
  - barna sem búa erlendis á EES svæðinu
- Skattskyldir foreldrar sem búa erlendis
  - ísl. námsmenn erlendis
  - starfsmenn utanríkisþjónustunnar
- Ekki skattskyldir foreldri/ar eiga því ekki rétt á barnabótum

# Fjárhæð barnabóta

- Fjárhæð barnabóta fer eftir því hversu lengi barn hefur átt heima hér á landi á almanaksárinu. Greiða ber fullar barnabætur vegna þeirra barna sem hafa verið búsett hér allt árið - en
- Fyrir barn sem öðlast heimilisfesti hér á landi á tekjuárinu skal hins vegar einungis greiða barnabætur í **hlutfalli við dvalartíma** þess hér á landi á því ári. Þannig skal fjárhæð barnabóta og skerðingarmörk vegna tekna ákvarðast í hlutfalli við dvalartímann

# Úrskurður nr. 187/2005

## Gjaldár 2003

Eintæðir foreldrar fá hærri barnabætur en fólk í sambúð

- Ágreiningur í máli þessu laut að því hvort kærandi hefði verið í sambúð með B í árslok 2002 þannig að reglur um barna- og vaxtabætur sambýlisfólks ættu við í tilviki hennar og B
- Kærandi hélt því fram að sambúð þeirra hefði hafist á árinu 2003 og kærandi því verið einstætt foreldri í árslok 2002
- Yfirskattanefnd taldi að virtum gögnum málsins nægilega fram komið að kærandi og B hefðu haft stöðu sambúðarfólks í árslok 2002 og var í því sambandi m.a. litið til fyrirliggjandi upplýsinga um flutning kæranda og barna hennar inn á heimili móður B, þar sem B átti jafnframt lögheimili, flutning kæranda og B á sama tíma, aðkomu B að fasteignakaupum kæranda og þungun kæranda seinni part árs 2002
- Var skattstjóri talinn hafa ákvarðað kæranda barnabætur og vaxtabætur árið 2003 í samræmi við lög

# Almennar barnabætur tekjutengdar bætur

## Ath. tölur

- **Almennar barnabætur – hjón og sambúðarfólk**
  - Greiða skal **tekjutengdar** barnabætur með hverju barni **INNAN** 18 ára aldurs á tekjuárinu sem árlega skulu nema **234.500 kr.** með fyrsta barni en **279.200 kr.** með hverju barni umfram eitt
- **Almennar barnabætur - einstæðir foreldrar**
  - **Tekjutengdar** barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu vera **390.700 kr.** með fyrsta barni en **400.800 kr.** með hverju barni umfram eitt

## Barnabætur

Almennt

Fjárhæðir

### Fjárhæðir

#### Fjárhæðir 2019

|                                 |     |         |
|---------------------------------|-----|---------|
| Hjón og sambúðarfólk            |     |         |
| Með fyrsta barni                | kr. | 234.500 |
| Með hverju barni umfram eitt    | kr. | 279.200 |
| Einstæðir foreldrar             |     |         |
| Með fyrsta barni                | kr. | 390.700 |
| Með hverju barni umfram eitt    | kr. | 400.800 |
| Viðbót *                        |     |         |
| Með hverju barni yngra en 7 ára | kr. | 140.000 |

# Barnabætur

## Fjárhæðir

### Fjárhæðir 2018

|                                 |     |         |
|---------------------------------|-----|---------|
| Hjón og sambúðarfólk            |     |         |
| Með fyrsta barni                | kr. | 223.300 |
| Með hverju barni umfram eitt    | kr. | 265.900 |
| Einstæðir foreldrar             |     |         |
| Með fyrsta barni                | kr. | 372.100 |
| Með hverju barni umfram eitt    | kr. | 381.700 |
| Viðbót *                        |     |         |
| Með hverju barni yngri en 7 ára | kr. | 133.300 |

Hjá hjónum og sambúðarfólki reiknast skerðing vegna tekna af samanlögðum tekjustofni umfram 5.800.000 kr. og hjá einstæðu foreldri af tekjustofni umfram 2.900.000 kr. Sé um að ræða eitt barn skerðast barnabætur um 4% af tekjum umfram þessi mörk, ef börnin eru tvö um 6% og ef börnin eru þrjú eða fleiri um 8%.

\* Skerðing á viðbót vegna barna yngri en 7 ára er reiknuð sér. Hún er 4% af tekjum umfram mörk, fyrir hvert barn.

Barnabætur skiptast jafnt á milli hjóna/sambúðarfólks. Barnabætur sem eru lægri en 5.000 kr. á mann falla niður.

Tekjustofn til útreiknings barnabóta er frábrugðinn tekjuskattsstofni að því leyti að fjármagnstekjur eru hér meðtaldar. Laun frá alþjóðastofnunum sem ekki eru skattlögð koma inn í tekjustofn til útreiknings á barnabótum. Sérstök útgreiðsla séreignarsparnaðar kemur hins vegar ekki inn í útreikning barnabóta.

# Barnabætur

Almennt

Fjárhæðir

## Fjárhæðir

### Fjárhæðir 2017

|                                 |     |         |
|---------------------------------|-----|---------|
| Hjón og sambúðarfólk            |     |         |
| Með fyrsta barni                | kr. | 205.834 |
| Með hverju barni umfram eitt    | kr. | 245.087 |
| Einstæðir foreldrar             |     |         |
| Með fyrsta barni                | kr. | 342.939 |
| Með hverju barni umfram eitt    | kr. | 351.787 |
| Viðbót *                        |     |         |
| Með hverju barni yngra en 7 ára | kr. | 122.879 |



## Barnabætur

Almennt

Fjárhæðir

### Fjárhæðir

#### Fjárhæðir 2016

|                                 |     |         |
|---------------------------------|-----|---------|
| Hjón og sambúðarfólk            |     |         |
| Með fyrsta barni                | kr. | 199.839 |
| Með hverju barni umfram eitt    | kr. | 237.949 |
| Einstæðir foreldrar             |     |         |
| Með fyrsta barni                | kr. | 332.950 |
| Með hverju barni umfram eitt    | kr. | 341.541 |
| Viðbót *                        |     |         |
| Með hverju barni yngra en 7 ára | kr. | 119.300 |

# Aukabarnabætur

- **AUKABARNABÆTUR.** Þessar bætur skertust **ekki** áður fyrr en gera það núna
  - Til viðbótar hinum almennu barnabótum skal árlega greiða tekjutengdar barnabætur að fjárhæð **140.000 kr.** með öllum börnum **YNGRI en sjö ára** á tekjuárinu
- Sjá e-lið 2. gr. laga nr. 164/2010 er hljóðar svo:
  - Við 4. mgr. A-liðar 68. gr. TSL bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi:
  - Til viðbótar barnabótum samkvæmt þessari málsgrein skal greiða **TEKJUTENGÐAR** barnabætur með öllum börnum yngri en sjö ára á tekjuárinu
  - Skulu þær árlega nema 133.300 kr. og skal skerðingarhlutfall þeirra vera 4% með hverju barni

# Skerðing almennra barnabóta

- Tekjutengdar barnabætur skerðast í jöfnu hlutfalli við tekjuskattsstofn umfram 7.200.000 kr. hjá hjónum og umfram 3.600.000 kr. hjá einstæðu foreldri
- Með tekjuskattsstofni í þessu sambandi er átt við tekjur skv. II. kafla laganna, að teknu tilliti til frádráttar skv. 1., 3., 4. og 5. tölul. A-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 30. gr. og frádráttar skv. 31. gr.
  - Staðaruppbætur, sbr. 2. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. TSL teljast semsé til tekjuskattsstofns í þessu sambandi
- Sé um að ræða eitt barn skerðast barnabætur um 4% af tekjum umfram þessi mörk, ef börnin eru tvö um 6% og ef börnin eru þrjú eða fleiri um 8%. Nánar sjá næstu glæru

# Skerðing barnabóta 2020 nánar

Hjá hjónum og sambúðarfólki reiknast skerðing vegna tekna af samanlögðum tekjustofni séu hann umfram 7.200.000 kr. og hjá einstæðu foreldri af tekjustofni umfram 3.600.000 kr. Þá hefur fjöldi barna einnig áhrif á hlutfall skerðingar, sbr. hér að neðan:

## Skerðingarhlutföll hjá hjónum og sambúðarfólki

| <i>Fjöldi barna</i>                                 | <i>Eitt barn</i> | <i>Tvö börn</i> | <i>Þrjú eða fleiri</i> |
|-----------------------------------------------------|------------------|-----------------|------------------------|
| Tekjustofn á bilinu 7.200.000 kr. að 11.000.000 kr. | 4%               | 6%              | 8%                     |
| Tekjustofn umfram 11.000.000 kr.                    | 5,5%             | 7,5%            | 9,5%                   |

## Skerðingarhlutföll hjá einstæðum foreldrum

| <i>Fjöldi barna</i>                                | <i>Eitt barn</i> | <i>Tvö börn</i> | <i>Þrjú eða fleiri</i> |
|----------------------------------------------------|------------------|-----------------|------------------------|
| Tekjustofn á bilinu 3.600.000 kr. að 5.500.000 kr. | 4%               | 6%              | 8%                     |
| Tekjustofn umfram 5.500.000 kr.                    | 5,5%             | 7,5%            | 9,5%                   |

\* Skerðing á viðbót vegna barna yngri en 7 ára er reiknuð sér. Hún er 4% af tekjum umfram mörk, fyrir hvert barn, þ.e. af tekjuskattstofni umfram 7.200.000 kr. hjá hjónum/sambýlisfólki og umfram 3.600.000 kr. hjá einstæðu foreldri.

Barnabætur skiptast jafnt á milli hjóna/sambúðarfólks. Barnabætur sem eru lægri en 5.000 kr. á mann falla niður.

Tekjustofn til útreiknings barnabóta er frábrugðinn tekjuskattstofni að því leyti að fjármagnstekjur eru hér meðtaldar. Laun frá alþjóðastofnunum sem ekki eru skattlögð koma inn í tekjustofn til útreiknings á barnabótum. Sérstök útgreiðsla séreignarsparnaðar kemur hins vegar ekki inn í útreikning barnabóta.

# Barnabætur í Danmörku 2016. Gengi í dag er 20

**LÆS OGSÅ:** [Det ved vi om aftalen mellem Storbritannien og EU](#)

Men ifølge statsminister Lars Løkke Rasmussen er det ikke beløbet i sig selv, der er det afgørende, når det kommer til børnechecken.

- Det er derimod et spørgsmål om fairness og rimelighed, sagde han i nat til DR Nyheder.

**Sådan meget får man i børne- og ungeydelse i dag i Danmark:**

- 0-2 år: 4.470 kroner per kvartal
- 3-6 år: 3.537 kroner per kvartal
- 7-14 år: 2.784 kroner per kvartal
- 15-17 år: 928 kroner per måned
- Som udlænding får man som oftest ikke det fulde beløb udbetalt fra den dag, man ankommer til Danmark. Man kan optjene det løbende.

# Greiðsla barnabóta

- Barnabætur eru reiknaðar í fyrsta skipti vegna barns í álagningu árið eftir að það fæðist og í síðasta skipti í álagningu á því ári sem 18 ára aldri er náð
- Við ákvörðun barnabóta 2021 er miðað við fjölskyldu stöðu eins og hún er í Þjóðskrá 31. desember 2020 og er þeim sem barnið hefur lögheimili hjá greiddar allar barnabæturnar

# Fyrirframgreiðsla barnabóta

Heimilt er að fyrirframgreiða barnabætur

- Fyrirframgreiðslan nemur 50% af áætluðum barnabótum ársins og greiðist með tveimur jöfnum greiðslum, 1. febrúar og 1. maí. Við ákvörðun á fyrirframgreiðslu er tekið mið af upplýsingum úr staðgreiðsluskrá um launatekjur framfæranda
- Við uppgjör í ágúst er fyrirframgreiðslan dregin frá barnabótum eins og þær eru ákvarðaðar við álagningu. Eftirstöðvar eru greiddar út með tveimur jöfnum greiðslum 1. ágúst og 1. nóvember

# Annar frádráttur

## Erlendar barnabætur

- Fjárhæð barnabóta skal skerða um þær barnabætur eða hliðstæðar bætur sem framfærandi hefur fengið erlendis frá á sama tekjuári vegna barnsins
- Algengast er að á þetta reyni hjá íslenskum námsmönnum erlendis, sbr. 3. mgr. 69. gr. TSL



# EES borgarar

## Bann við mismunun

- Greiðsla barnabóta einskorðast við börn sem heimilisföst eru hér á landi hluta eða allt almanaksárið
- Þótt barn sé **ekki heimilisfast hér á landi** ber þó að greiða barnabætur með því ef það er á **framfæri ríkisborgara** hins Evrópska efnahagssvæðis, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum, enda sé framfærandi skattskyldur hér á landi skv. 1. gr. þessara laga eða tryggður á grundvelli 12., 13. eða 14. gr. laga nr. 100/2007 um almannatryggingar
- Skilyrði fyrir ákvörðun barnabóta samkvæmt þessari málsgrein eru þau að barnið sé heimilisfast í einhverju ríkja hins Evrópska efnahagssvæðis, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum og að fram séu lögð fullnægjandi gögn frá bæru stjórnvaldi í því landi þar sem börnin eru heimilisföst
- Sá sem rétt kann að eiga til barnabóta með barni, sem ekki hefur heimilisfesti á Íslandi, skal sækja um bætur til ríkisskattstjóra og leggja fram upplýsingar um tekjur framfærenda, ásamt upplýsingum um barnabætur eða hliðstæðar greiðslur vegna sömu barna, sem greiddar hafa verið erlendis

